

Aðalfundur SNS – Samtaka náttúrustofa - FUNDARGERÐ

haldinn 3. desember 2025 í Krummasölum, Urriðaholti, Garðabæ
Lilja Jóhannesdóttir formaður SNS var fundarstjóri
Starri ritari SNS var fundarritari

Eftirfarandi forstöðumenn voru mættir:

Hulda Birna Albertsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða meðstjórnandi í stjórn.

Kristín Ágústsdóttir, Náttúrustofu Austurlands.

Lilja Jóhannesdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands, starfandi formaður SNS

Róbert Arnar Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands

Sindri Gíslason, Náttúrustofu Suðvesturlands

Starri Heiðmarsson, Náttúrustofu Norðurlands vestra, ritari stjórnar SNS 2025

Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofu Norðausturlands

Erpur Snær Hansen, Náttúrustofu Suðurlands

Aðrir þátttakendur: Hólmfríður Jakobsdóttir (NSA), Guðrún Óskarsdóttir (NA), Áslaug Lárusdóttir (NA), Ragna Guðrún Snorradóttir (NNv), Rákel Þorbjörnsdóttir (NNv), Ísak Ólafsson (NV), Róbert Ívar Arnarsson (NSA), Snævarr Guðmundsson (NSA), Jóhanna Sigurðardóttir (NA), María Rúnarsdóttir (NSA), Christian Gallo (NAVE)

1. liður. Skýrsla stjórnar

Lilja, starfandi formaður, setti fundinn og bauð Starra Heiðmarssyni þáverandi formanni SNS að flytja skýrslu stjórnar frá síðasta aðalfundi þann 3. október og fram til 31. desember 2024. Það er skemmst frá því að segja að ekkert gerðist á vegum SNS á þessu tímabili.

Í framhaldi flutti Lilja, sem tók við formennsku í SNS á árinu 2025, skýrslu stjórnar frá þeim tíma og til 3. desember 2025 sem var svohljóðandi:

Þann 1. janúar 2025 tók til starfa ný stjórn SNS, skipuð þeim Sigurði Halldóri Árnasyni, formanni, Starra Heiðmarssyni, ritara, og Lilju Jóhannesdóttur sem kom inn fyrir Kristínu Ágústsdóttur.

Fundir stjórnar

Á tímabilinu fundaði stjórn einu sinni, 24. febrúar. Rætt var um uppfærslu á grunnupplýsingum á heimasíðu SNS auk þess sem rætt var um geymslu gagna SNS, þ.e. fundargerðir og umsagnir sem SNS senda frá sér en þau gögn eru frekar dreifð. Í kjölfarið tók Lilja Jóhannesdóttir til á heimasíðu SNS en þar er enn verk óunnið.

Fundir forstöðumanna

Árið 2025 var enginn fundur forstöðumanna haldinn. Þó var samráð haft um að senda bréf til fjárlaganefndar og alþingismanna til að halda óbreyttu fjármagni og var slíkt gert

bæði seint árið 2024 og nýverið. Einnig áttu forstöðumenn í tölvupóstssamskiptum vegna umsagna á vegum SNS.

Umsagnir um þingmál

Tvær umsagnir um þingmál voru sendar frá SNS á árinu, annars vegar um drög að stefnu og markmiðum stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni til ársins 2030 og hins vegar tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma.

Breytingar á stjórn á tímabilinu

Í haust lét Sigurður af störfum við Náttúrustofu Vestfjarða og kom þá Hulda Birna Albertsdóttir, starfandi forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, inn í stjórnina. Lilja tók að sér hlutverk formanns fram að stjórnarskiptum sem verða um áramótin 2025-2026.

2. liður. Afgreiðsla reikninga

Fyrir liggur ársreikningur SNS fyrir árið 2024 sem gjaldkeri SNS Sindri Gíslason hefur tekið saman. Skoðunarmenn hafa yfirfarið og samþykkt reikninginn fyrir sitt leyti. Rekstrartap ársins nam samtals 44.949 kr. en einu útgjöld ársins voru áskriftargjöld fyrir rekstur heimasíðu SNS. Engar tekjur voru á árinu þar sem ákveðið var á aðalfundi SNS árið 2023 að innheimta ekki árgjöld árið 2024. Eigið fé í árslok var 926.700 kr. og var það allt handbært fé. Fundurinn þakkaði Sindra og skoðunarmönnum fyrir vel unnin störf.

Reikningar voru bornir upp og samþykktir samhljóða.

3. liður. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

4. liður. Kosning stjórnar og gjaldkera

Samkvæmt reiknireglu um stjórnarsetu forstöðumanna í SNS mun Starri Heiðmarsson NNv ganga úr stjórn um áramót. Hulda Birna Albertsdóttir situr áfram sem og forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands, nýr í stjórn kemur Sindri Gíslason frá Náttúrustofu Suðvesturlands.

Tillaga um nýja stjórn árið 2026 borin upp og samþykkt með lófaklappi.

Sindri Gíslason NSV samhljóða endurkjörinn gjaldkeri árið 2026.

5. liður. Skýrslur vinnuhópa og fulltrúa í nefndum.

Skýrsla vinnuhóps um ágengar tegundir (Menja, Sindri og Róbert)

Vinnuhópur SNS um ágengar tegundir starfaði áfram, líkt og í fyrra einkum í gegnum ÍSÁT (Íslenskur Sérfræðingahópur um Ágengar Tegundir), sem er sjálfsprottinn hópur sem Menja stýrir. Hópurinn var nokkuð virkur á tímabilinu og hyggst ljúka við faglegt áhættumat stafafuru á Íslandi sbr. skýrslu sem var lögð fram á síðasta aðalfundi.

Náttúrustofurnar og starfsfólk þeirra eru mikilvæg fyrir starfið. Guðrún Óskarsdóttir hjá NA er nýr félagi í hópnum frá náttúrustofunum.

Sjófuglahópur (Lindi)

Ekkert formlegt starf en felst einkum í samstarfi um bjargfuglavöktunina. Fór Lindi síðan yfir staðsetningar myndavéla til vöktunarinnar og hvaða náttúrustofur taka þátt en það eru: NNA, NSA, NV, NSV og NAVE. Róbert sagði frá samstarfsverkefni við Oxford háskóla sem felst í að taka myndir af ritubjörgum yfir daginn með sjálfvirkum myndavélum en sjálfboðaliðar eru síðan nýttir til að skoða myndirnar á netinu og telja á myndum. Ein grein er þegar birt með lýsingu á aðferðum (doi: 10.1111/ibi.13317), næsta grein er í vinnslu en þar er sjónum beint að áhrifum veðurfars á lifun og afföll unga.

Vatnshlotshópur (Sindri og Erlín skipuð af ráðherra)

Kallast hópurinn Ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila vegna framkvæmdar laga um stjórn vatnamála. Fyrir hönd SNS tímabilið 2023–2027: Sindri Gíslason (Náttúrustofa Suðvesturlands) - aðalmaður, Erlín Emma Jóhannsdóttir (Náttúrustofa Austurlands) – varamaður. Ráðherra skipar nefndarmenn til 3 ára, Sindri og Erlín sitja því í nefndinni til 2027.

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 ásamt fylgiáætlunum hennar, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Allar þessar áætlanir eru í gildi tímabilið 2022–2027. Ekkert formlegt fundahald var í nefndinni frá árslokum 2021 þar til í byrjun árs 2024. Nú er hins vegar svo komið að vinna er hafin við gerð næstu vatnaáætlunar sem mun taka gildi í upphafi árs 2028 og hefur nefndin því hafið störf að nýju. Tveir fundir voru haldnir árið 2024 (14. feb og 30. okt). Einn fundur var haldinn árið 2025, þann 25.nóvember. Á honum var farið yfir núgildandi vatnaáætlun, áhrifamat við leyfisveitingar, uppbyggingu næstu vatnaáætlunar, álagsgreiningu vatnshlota, ný og breytt afmörkun yfirborðsvatns, aðferðafræði við endurafmörkun grunnvatnshlota og matskerfi fyrir vatnsformfræði straum-og stöðuvatna.

Vert er að benda á Vatnavefsjá stjórnar vatnamála sem eflaust getur nýst náttúrustofunum í ákveðnum verkefnum: <https://vatnavefsja.vedur.is/>. Ráðgjafanefndin biðlar til allra þeirra sem rekast á galla eða atriði sem má lagfæra á vefnum, að láta nefndina vita af því.

Sindri reifaði síðan málin aðeins varðandi vöktun vatnshlota og stöðu náttúrustofanna því tengd. Málin talsvert rædd m.a. hvort náttúrustofurnar gætu sérhæft sig í ólíkum þáttum og verið með samstarf um vöktun vatnshlota. Mögulegt sóknarfæri fyrir náttúrustofurnar.

Nefnd um sjálfbærar veiðar (Lilja og Róbert)

Lilja fór yfir starf nefndarinnar:

Nefndin hefur fundað fjórum sinnum frá síðasta aðalfundi sem var haldinn í október 2024.

Fyrsti fundur var haldinn 21. október og var stuttur fundur sem fjallaði um verkefni fram undan og það varð breyting á nefndarskipan. Steinar Rafn Beck Baldursson hætti hjá UST og inn kom í hans stað Fróði Guðmundur Jónsson.

Þann 3. og 5. des voru haldnir kynningarfundir þar sem kynnt voru verkefni sem styrkt hafa verið af Veiðikortasjóði og samkvæmt dagskrá átti Guðmundur A. Guðmundsson að kynna skarfaverkefni, Þorkell Lindberg Þórarinnsson kynnti bjargfuglaverkefni, Erpur Snær Hansen kynnti verkefni um lunda, Hálf dán Helgi Helgason kynnti um grágæs, Aldís Erna Pálsdóttir um rjúpu og Ester Rut Unnsteinsdóttir kynnti verkefni um refi.

30. janúar var haldinn fundur þar sem tekið var fyrir minnisblað sem Hálf dán Helgi Helgason, Náttúrustofu Austurlands, Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofu Norðausturlands tóku saman og fjallaði um veiðitíma svartfugla við Ísland. Skotveiðitímabil á svartfuglum hér á landi er langt og því lýkur seint í samanburði við veiðitímabil annars staðar á útbreiðslusvæði umræddra stofna. Samkvæmt núgildandi reglugerð hefst veiðitímabilið á Íslandi 1. september ár hvert og stendur til 25. apríl. Í minnisblaðinu voru lögð fram góð rök, bæði stofnvistfræðileg og siðfræðileg, með styttingu og var lögð fram tillaga að veiðitíma svartfugla ljúki í síðasta lagi 15. janúar. Í kjölfar fundarins framsendi fulltrúi SNS minnisblaðið á Fuglavernd.

Þar sem Lilja lætur af störfum sem forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands þá mun Róbert, sem verið hefur varamaður í nefndinni fyrir hönd SNS, aðalmaður frá og með næstu áramótum og Starri Heiðmarsson varamaður.

Vöktun fiðrilda

Náttúrufræðistofnun hyggst hætta vöktun fiðrilda, Náttúrustofa Vestfjarða setti ekki upp sína gildru síðasta sumar. Fundarmenn voru sammála um að nauðsynlegt sé að halda fund um stöðu vöktunarinnar og hvernig skuli haga henni til framtíðar.

6. liður. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Áslaug Lárusdóttir (NA) og Guðrún Óskarsdóttir (NA) endurkjörnar með lófaklappi.

7. liður. Ákvörðun um árgjöld og/eða önnur framlög

Í ljósi góðrar eiginfjárstöðu samtakanna var lagt til að fella niður árgjald til SNS vegna ársins 2026.

Samþykkt samhljóða.

8. liður. Önnur mál

Formaður ræddi um niðurskurð á framlögum til náttúrustofa en eins og núverandi fjárlagafrumvarp lítur út mun ríkisframlagið (og þar með mótframlag sveitarfélaga) dragast nokkuð saman frá síðustu árum.

Næsta náttúrustofuféring er áætlað næsta haust á Snæfellsnesi í Stykkishólmi. Október er líklegur mánuður, t.d. 20. eða 21., rætt hvort bjóða eigi háskólasetrunum í samflot.

Fleira ekki gert, fundi slitið 14:21

Róbert Arnar Stefánsson

Starri Heiðmarsson

Þorkell Lindberg Þórarinnsson

Lilja Jóhannesdóttir

Hulda Birna Albertsdóttir

Kristín Ágústsdóttir

Sindri Gíslason

Erpur Snær Hansen